

Nefndasvið Alþingis
B.t. stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar
Smiðju, Tjarnargötu 9
101 Reykjavík

Reykjavík, 26. marz 2024

Efni: „Frumathugun“ Ríkisendurskoðunar á framkvæmd og eftirliti með lögum um pósthjónustu

Félag atvinnurekenda (FA) vísar til „frumathugunar“ Ríkisendurskoðunar í framhaldi af skýrslubeiðni Alþingis á þingskjali 483 (451. mál á yfirstandandi þingi). Plaggið var kynnt nefndinni á fundi hennar 14. marz sl.

Rétt er að rifja upp tilganginn með beiðni Alþingis. Í greinargerð með henni segir: „Í skýrslunni verði m.a. dregið fram hvernig Póst- og fjarskiptastofnun (PFS) og síðar Byggðastofnun hafi tekist að uppfylla lögbundið hlutverk sitt og ákvæði laga um pósthjónustu. Þá verði einnig dregið fram hvort framlög til Íslandspósts vegna veitingar alþjónustu séu reiknuð út á réttan hátt og hvernig gjaldskrárbreytingum hafi verið háttað í tengslum við sama verð um allt land frá 1. janúar 2020 til 31. október 2021.“

Óhætt er að segja að það hafi komið félaginu á óvart hversu rýr úttekt Ríkisendurskoðunar var í roðinu og skautað létt framhjá þeim spurningum, sem þingið setti fram. Jafnframt vakti það undrun FA að í frumúttekt stofnunarinnar væri hvergi vísað til margvíslegra gagna, sem félagið afhenti Ríkisendurskoðun meðan á vinnu hennar við úttektina stóð og hefðu klárlega getað nýtt til að svara efnislega spurningum þingsins.

Forsvarsmenn FA rak ennfremur í rogastanz þegar blaðamaður Morgunblaðsins upplýsti félagið undir lok síðustu viku um að hann hefði undir höndum minnisblað forstjóra Íslandspósts til samgönguráðuneytisins, þar sem upplýst er að Ríkisendurskoðun var í ráðgjafarhlutverki gagnvart fyrirtækinu þegar það vann útreikninga, sem áttu að nýtast til að fá sem hæst framlög úr ríkissjóði.

FA telur að með þessu hafi Ríkisendurskoðun verið vanhæf til að takast á hendur verkefni það sem Alþingi fól henni. Félagið lýsir jafnframt furðu á því að ekki hafi verið upplýst um þessar staðreyndir málsins áður en stofnunin hóf úttekt sína.

Fylgiskjöl með erindi þessu eru tvö. Annars vegar minnisblað FA til stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar, með nálgun félagsins að svörum við spurningum þingsins á grundvelli þeirra gagna, sem félagið hefur haft aðgang að. Hins vegar er minnisblað félagsins til Ríkisendurskoðunar, þar sem dregin eru fram margvísleg gögn um atburðarásina í aðdraganda þess að sett var ólögmaet pakkagjaldskrá Íslandspósts, sem tók gildi í ársbyrjun 2020. Þar berast böndin m.a. að þáverandi stjórnarformanni fyrirtækisins, sem situr á Alþingi.

FA hvetur nefndarmenn til að kynna sér þessi gögn og eftir atvikum til að kalla ríkisendurskoðanda á fund nefndarinnar til að svara fyrir þau vinnubrögð, sem Ríkisendurskoðun hefur viðhaft í þessu máli.

FA er að sjálfsgöðu reiðubúið að láta nefndinni frekari gögn og upplýsingar í té.

Virðingarfyllst,



Ólafur Stephensen
framkvæmdastjóri FA

Fylgiskjöl:

Minnisblað frá FA til stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar, dags. 26. marz 2024

Minnisblað frá FA til Ríkisendurskoðunar, dags. 1. marz 2024